



1568. stjórnarfundur

Íþróttamiðstöðin í Laugardal
9.7.2014, kl. 11:30

Frímenn Ari Ferdinandsson

1. Fundargerð 1567. fundar

Samþykkt.

2. Umsókn íþróttabandalaga að UMFÍ

Formaður og framkvæmdastjóri greindu frá helstu atriðum sem rædd hafa verið á fundum með nefnd á vegum UMFÍ sem fjallar um umsóknina.

3. Viðhaldsmál

Rætt um stöðu viðhaldsmála félaganna og hvernig haga skuli baráttu fyrir auknu fjármagni í þetta mikilvæga verkefni.

4. Verkefnasjóður ÍBR

Borist hefur umsókn frá Knattspyrnudeild Fjölnis vegna átaksverkefnis. Erindinu var hafnað.

5. Afmæli ÍBR – 70 ára

Rætt um hvernig halda skuli upp á afmælið. Samþykkt að skoða þann möguleika að hafa kaffisamsæti.

6. Miðnæturhlaup

Rætt um fjölda þátttakenda í hlaupinu. Stjórnin þakkar starfsmönnum fyrir vel unnin störf við undirbúning og framkvæmd hlaupsins.

7. Erindi ÍSÍ vegna Skautahallar og Smáþjóðaleika

Borist hefur erindi frá ÍSÍ þar sem óskað er afnota af Skautahöllinni í Laugardal fyrir mötuneyti Smáþjóðaleikanna 2015. Málinu vísað til Rekstrarstjórnar Skautahallarinnar.

Fleira ekki rætt, fundi slitið um kl. 12:45.

Frímenn Ari Ferdinandsson ritaði fundargerð.